



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

# Fréttabréf

2. tbl. 5. árg. mars




Áhugasamir félagsmenn á fundi í Skipholtinu. Ert þú þarna?



Rekaviðarskál. TBÓ.

Fréttabréf Félags trérennismiða á Íslandi-2. tbl. 5. árg. mars 1999.  
Ábm. Steinunn Steinarsdóttir-Lækjargötu 12--220 Hafnarfjörður-sími 555 0593.  
Endurprentun leyfð sé heimildar getið. Uppsetning TBÓ/RS.



*Skútan, gullregn og málmur. Steinunn Steinarsdóttir*

## AÐALFUNDUR

Laugardaginn 27. mars verður haldinn aðalfundur félagsins í húsnæði smíðadeildar Kennaraháskóla Íslands í Skipholti og hefst kl. 10.00 fyrir hádegi.  
Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
3. Lagabreyting. Tillaga frá stjórn um breytingu á 7.grein. 7 grein hljóðar þá þannig. Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert og skal hann auglýstur með minnst viku fyrirvara.
4. Kosning stjórnar og nefnda.
5. Ákvörðun um félagsgjald.
6. Önnur mál.
7. Fundargerð lesin og borin undir atkvæði.


Kaffisþjall í lok aðalfundar.

**Sýnum áhuga á félaginu og mætum vel á aðalfundinn.**

**Renndir munir frá félagsmönnum. Rokkurinn er gerður af Sverri Vilbergssyni og er ca 30 cm hár. Skálin er gerð af TB.**



í stærðinni ca 30 cm. og sýndi ráðamönnum hjá Heimilisiðnaðarversluninni. Ekki var því vel tekið og honum ráðlagt að halda sig við smáhlutina þannig að rokkurinn fór ekki í sölu að þessu sinni. “Áhugann fyrir rokkunum hef ég erfð frá föður mínum Vilbergi Jónssyni sem bjó á Patreksfirði og smíðaði bæði rokka og báta. Annars voru víða rokkasmiðir í sveitum hér áður fyrr og voru nefndir “rokkadrauvarar””.



Fáir eru nú starfandi við rokkasmiði. Þó er maður á Akranesi sem smíðar rokka í fullri stærð. Hjörtur Leo á Eyrabakka er jú kunnur rokkasmiður. Á síðari árum hefur borið á innflutning á rokkum og mun hollenskur rokkur vera nokkuð vinsæll. Sá hollenski er mun einfaldari og léttara að snúa vegna þess að hann er með legum. Spuninn úr þeim hollenska mun þó vera grófari en í þeim íslenska. Varðandi askana eru þeir eins og kunnugt er samsettir á sérstakan hátt. Í þá er sagað í gráður þannig að hringur myndast við samsetninguna og þá límt saman og rennt. Handföng eru sérsmíðuð svo og lok sem er útskorið. Þetta er talsverð vinna. Sverrir svarar “já það er vinna í öllu, en þegar maður er orðinn gatíminn verður miklu mall skiptir tíminn ekki eins ódýrari”. Sverrir hefur gert ýmsar til-

sími og fax 555 1212  
Rennibekkir  
Rennijárn  
Útskurðarjárn  
Patrónur  
Pennaefni  
Hjá  
Gylfa  
Hólshrauni 7- 220 HF  
NOVA


# GÓÐIR GRANNAR

Trérennismiður í Borgarnesi.

Tíðindamenn fréttabréfsins brugðu undir sig betri fætinum og óku í Borgarnes þeirra erinda að hitta félagsmann okkar Sverri Vilbergsson sem þekktur er m.a. fyrir smíði á rokkum. Sverrir átti athyglisverðasta hlutinn á sýningu félagsmanna sumarið 1997.

Rokkarnir sem Sverrir smíðar eru mynjagripir (sýningargripir) ca 30 cm á hæð og smíðaðir úr ýmsum viði eftir því sem hendi er næst, svo sem beyki, eik, birki og svo frv.

Sverrir byrjaði fyrst að renna í byrjun stríðsins er hann bjó að Stóra Kroppi og smíðaði þá rennibekk sem knúin var með bensínvél og beintengdur. Hann man eftir danskri bók um tréskurð og trérennsimíði sem til var á bænum. Sennilega hefur hugmyndin að smíðinni komið þaðan. Ekki var honum kunnugt um rennibekk í nágrenninu á þessum tíma. Rennijárnin voru smíðuð m.a. úr þjölum og öðru tiltæku efni.

Viðurinn var fenginn frá húsgagnaverksmiðjum í Reykjavík. Ekki var það efiðleikum bundið að fá kubba frá hinum ýmsu verkstæðum, “maður þekkir mann”, sem þá smíðuðu húsgögn fyrir landsmenn. Smíðaði hann þá lampa sem enn eru til á sveitaheimilum í Borgarfirði. Talsvert var þá um að kýrhorn væru notuð og undirstaða og lampahaus rennt.

Sverrir flutti í Borgarnes á árunum 1962-63 og byggði sér þar íbúðarhús. Vegna húsbyggingarinnar keypti hann Delta sambyggða sög og hefil, einnig rennibekk sem var frístandandi og fylgdi með í kaupunum. Fljótlega keypti hann síðan “patrónu” og byrjaði að framleiða fyrir Stefaníu hjá Heimilisiðnaðarfélaginu við Laufásveg.

Fyrstu verkefni voru snældur. Á þessum tíma voru konur mikið að prjóna peysur og þurftu að snúa upp á lopann. Snældurnar seldust því vel. Síðan kaupir Sverrir járnrennibekk af gerðinni EMCO með yfirfræsara. Kaupin voru gerð vegna verkefnis sem hann fékk við málsmíði.

Þá fór hann að renna mynjagripir svo sem strokka, aska, fötur og fl. Var aðalega rennt úr tekki sem gekk af frá húsgagnaiðnaðinum. Einnig þurfti að skera lítillsháttar í þessa hluti. Þessir mynjagripir seldust svo vel að hann hafði vart undan að renna. Og talandi um járnrennibekk og bitjárnin sem þá eru notuð í stað hefðbundinna trérennijárna vill Sverrir ekki meina að mikla eftirvinnu þurfi við viðinn eftir rennslið, járnin þurfa jú að bita vel og betra er að renna harðan við en mjúkan. Sverrir vildi nú fara að breyta til og auka fjölbreytnina. Gerði hann rokka

## Handverkfæri og tæki til frístundavinnu

**DREMEL** rafmagnsverkfæri, fræsari, slípivél, sög og fl.

**FOREDOM** útskurðarfræsarar fyrir tré og skartgripasmíði.

**PRIMEX** USA klukkaverk, loftvogir, rakamælar, hitamælar og fl.

**MULTISTAR** patrónur og fylgihlutir fyrir trérennibekki.

**BRENN PETER** brennipennar með hitastilli.


**DASTRA** útskurðarjárn frá Þýskalandi.

**Föndurbækur og myndbönd í úrvali.**

**INGÞÓR HARALDSSON HF.**

**Hamraborg 7-200 Kópavogi**

**Sími / fax 554 4844**



raunir við smíði aska til að auðvelda framleiðsluna svo sem að renna lokið og fella festinguna yfir það og setja gjarðir úr reyr, reynslan sýndi hins vegar að sjálfur askurinn rýrnaði meira en gjörðin og fóru því fellingar frá sjálfum askinum.

Sverrir gekkst nýlega undir augnaðgerð og orðaði það þannig að hann væri hundleiður þessa dagana sem hann mætti ekkert gera. Hann langar að smíða nokkra lampa úr kýrhornum. Nú er erfiðara að fá kýrhorn en áður fyrr, bændur vilja hirða þau sjálfir og ekki vitað hvað gert er við þau. Kindahorn er þó auðveldara að fá, en þau eru m.a. notuð við gerð drykkjariláta.

Upp hefur komið hugmynd að efna til námskeiðahalds um smíði rokka. Það fer hver að verða síðastur að halda við þeirri kunnáttu sem til er í landinu. Þeim fer fækkandi sem unnu við þessa smíði hér áður fyrr.

Við þökkum Sverri og konu hans fyrir góðar móttökur. Vonum við að hann nái sér fljótlega eftir augnaðgerðina og setjist þá aftur við rennibekkin og eigi þar margar góðar stundir. Rokka Sverris má sjá í verslun handverkfólks í Borgarnesi, hjá verslun Thorvaldsenfélagsins við Ingólfstorg. Einnig í ferðamannaverslun í Varmahlíð.

RS/TBÓ


## ONEWAY OG STRONGHOLD PATRÓNUR

Kanadiskar gæðapatrónur frá Oneway fást á flestar gerðir

trérennibekkja. Skrúfaður, kónískur, botn með gengjum og er því hægt að nota eina patrónu á mismunandi bekki með því að eiga auka botna. Patrónum fylgir standard festing (kjaftur) og að sjálfsgöðu gengjubotn. Margar stærðir af aukafestingum (kjöftum). Litil-stór-jumbo diskur og á Stronghold er einnig hægt að fá mega jumbó disk. Jumbó má nota jafnt á kringlótt sem og aflagað rennsli.

Athugið? Það fást 1/2" og 1" drifoddar í þessar patrónur sem hlífir gengjum á rennibekknun þegar ekki þarf að skrúfa patrónuna af þegar rennt er á milli odda. Það sparar einnig tíma. Flestar aðrar vörur til trérennismiða!

T  
R  
É  
L  
I  
S  
T



Engjateigi 17,  
105 Reykjavík  
Sími / fax 553 1580

## SKÁLDAD Í TRÉ SKÓGUR Í DAG SKÁL Á MORGUN

Sýning félags Trérennismiða á Íslandi 12.- 20. júní 1999.

Þeir sem ætla að taka þátt í sýningunni þurfa að skila númerðum og verðmerktum munum sínum ásamt lista, til Guðrúnar í Tré-list, Engjateig 17, 105 Reykjavík, sími/fax 553-1580, ekki seinna en 1. júní n.k.

Ef félagar vilja selja smáhluti á sýningunni þarf að tilkynna það sérstaklega. Gert er ráð fyrir söluborði og þá aðeins fyrir smáhluti.

Þátttökugjald er kr. 2.000.- sem notast fyrir útlögðum kostnaði s.s. auglýsingum, dúkum, pappír, ljósritun o.fl.

## VIÐARFRÆÐI

Askur.

Askurinn skipar virðulegan sess meðal trjátegunda í hugum norrænna þjóða. Samkvæmt trú fornanna teygði askurinn Yggdrasil limi sína "of heim allan". Goðin háðu daglega dóma sína undir askinum, og undir einni af rótum hans var Mímisbrunnur, sem speki og mannvit var í fölgid. Ask eða eskivið notuðu formenn mikið í vopn þau er þeim voru hentugust til veiða og víga, en það voru bogar og spjót. Askur vex um alla Evrópu og víða í Norður - Ameríku. Einkum er hann þó útbreiddur í Eystrasaltslöndunum. Getur orðið allt að 30 metrar á hæð. Viðurinn er fremur harður, seigur og fjaðurmagnaður. Hann er auðbeygður við gufuhitun, án þess að trefjarnar merjist. Fúnar fljótt í raka, en endist annars vel. Litill sem enginn munur er á gæðum kjarnans og rýsjunnar. Askur er notaður í skóft, landbúnaðaverkfæri, skíði, vagna, stiga og stundum í húsgögn.

Norðmenn haf lagt mikið kapp á gróðursetningu og ræktum á aski á seinni árum. Ætla þeir á þann hátt að spara sér innflutning útlendra viðartegunda í skíði.

Tekið upp úr bókinni Viðarfræði eftir Björn H. Jónsson, með leyfi Iðnskólaútgáfunnar.